

MINNISBLAÐ

Efni:	Götulýsing í Garðabæ
Dagsetning:	06.03.2026
Dreift:	Bæjarráð
Ritað af:	Guðbjörg Brá Gísladóttir

Stýring götulýsingar

Gatnalýsingarkerfi Garðabæjar var rekið af Orkuveitu Reykjavíkur (66%) og HS Veitum (33%) til ársins 2022 þegar þau afhentu það til Garðabæjar. Kerfin voru í mjög slæmu ástandi og þurfti að fara í allsherjarúrbætur á þeim. Setja þurfti upp skápa og færa búnað úr dreifistöðvum veitnanna þannig að hægt væri að reka þau án aðkomu veitufyrirtækjanna, setja upp orkumæla og nýjar stýringar. Gagnagrunnar voru illa uppfærðir og hafði ekki verið viðhaldið í nokkur ár, sérstaklega hjá HS Veitum. Skipta þurfti um alla lampa vegna þess að ekki er hægt að fá perur í eldri lampa og um leið að uppfæra varbúnað í staurum sem vantaði eða var ekki löglegur í stórum hluta kerfisins.

Meðan veiturnar ráku kerfin þá greiddi Garðabær mánaðarlegt viðhaldsgjald miðað við uppsett afl óháð notkun. Innifalið í því voru peruskípti og viðgerðir á bilunum en engin endurnýjun. Þegar kerfin færast frá veitunum yfir til sveitarfélaga þá breytast þau úr dreifiveitu yfir í neysluveitu þar sem aðrar reglur gilda um rekstur kerfa.

Götulýsingu í Garðabæ er í dag stýrt af þrem aðilum;

- **Veitur.**
Stýra svæðum þar sem ekki er búið að koma upp heimtaugarskáp og stýringum fyrir götulýsingu, ca 10% af bænum. Gamalt kerfi sem verður aflagt um næstu áramót. Samskiptin eru í gegnum háspennukerfi Veitna.
- **Garðabær/Rafal**
Stýrir allri gatnalýsingu í Garðabæ á veitusvæði HS Veitna (vestan lækjar) og þar sem búið er að setja upp heimtaugaskápa með stýringum á veitusvæði Veitna. Nýtt kerfi sem var tekið í notkun í lok árs 2024 og stýrir gatnalýsingunni eftir sólúri en verður stýrt miðað við birtustig hverfa (Urriðaholt, Álfanes, Garðatorg) næsta haust. Samskiptin eru í gegnum LoRaWan kerfi á vegum Rafals.
- **Vegagerðin**
Stýrir köflum á Hafnarfjarðarvegi og Reykjanesbraut og Garðabær/Rafal stýrir líka ákveðnum köflum. Ekki er búið að aðskilja kerfin nema að hluta og verið er að vinna gögn sem sýna hvernig þessar stýringar blandast. Vegagerðin er með eigið kerfi fyrir allt landið sem hún setur upp í sínum skápum og stýrir eftir sólúri. Samskiptin eru í gegnum GSM kerfið.

Þjónusta á viðhaldi var boðin út í samvinnu við Hafnarfjörð og Vegagerðina í lok árs 2021 til þriggja ára með möguleika á framlengingu í tvö ár. Rafal hlaut samninginn sem tók gildi 1. febrúar 2022 og hann rennur út í árslok 2026.

- **Núverandi staða í Garðabæ;**
 - Heimtaugaskápar og stýrikerfi 90% uppsett, framkvæmdum lýkur á þessu ári.
 - Útskipti lampa og uppfærsla á varbúnaði í staurum; 75% búið, 10% á þessu ári og 10% árið 2027. Eftir er að taka ákvörðun um útskipti lampa í Sjólandshverfi og finni lampa á torgum og fleira sem eru um 5% lampa.

- Búið er að semja við Geoform um gagnagrunn og verið er að uppfæra hann. Talsverða vinnu þarf að leggja í þessa uppfærslu vegna þess að gagnagrunnar sem voru afhentir á sínum tíma voru í misgóðu ástandi og hafa ekki verið uppfærðir í fimm ár.

Kostnaður við götulýsingu í Garðabæ

Kostnað við götulýsingu í Garðabæ má sjá í töflu 1. hér að neðan. Árið 2021 sáu veitufyrirtækin alfarið um götulýsinguna og því er í liðnum rafmagn til götulýsingar árið 2021 einnig þjónusta, sem eins og kom fram hér að framan var afar takmörkuð.

Raforka til götulýsingar var að hluta til áfram keypt hjá sömu söluaðilum, á meðan unnið hefur verið að því að setja upp mæla fyrir raforkunotkun og færa tengingar út úr spennistöðvum.

Dreifing raforku er sérleyfisþáttur, þannig að einn aðili sér um það á hverju svæði. Hjá okkur eru það Veitur og Hs veitur.

Raforkunotkun hefur minnkað milli ára samhliða útskiptum á lömpum, sjá töflu 3. Þrátt fyrir að fleiri staurar séu í sveitarfélaginu í dag þá er minni raforka notuð. Raforka og dreifing hefur hins vegar hækkað talsvert á milli ára, sjá töflu 2 hér að neðan. Árið 2024 var farið í nýtt útboð á raforkukaupum og hækkaði verðið 1. júní 2024 um 28%, það ásamt hækkun á verði fyrir dreifingu skýrir hækkun á raforkukaupum á milli árunna 2024-2025, þótt minna afl sé notað.

Tafla 1. Rekstrarkostnaður götulýsingar árin 2021-2025.

Götulýsing	2021	2022	2023	2024	2025	Heildarsumma
Bifreiðanotkun millif.		1.761.283,	3.078.000,			4.839.283,
Rafmagn til götulýsingar	63.620.724,	42.515.899,	44.394.122,	41.416.727,	43.685.308,	235.632.780,
Verkfræðiþjónusta	3.540.906,	5.114.487,	1.418.931,	3.204.701,	3.468.658,	16.747.683,
Verkkaup	5.233.070,	65.466.463,	83.010.291,	77.179.766,	95.105.838,	325.995.428,
Viðlagatrygging	165.774,			208.021,	323.508,	697.303,
Vinna þjónustumiðstöðvar (m. vsk)	981.784,	1.459.343,	535.417,	178.722,	2.322.718,	5.477.984,
Önnur vörukaup	432.547,	18.916.738,	3.464.421,	5.444.628,	5.472.438,	33.730.772,
Önnur þjónustukaup	163.038,	808.671,	670.779,	1.231.638,	168.003,	3.042.129,
Heildarsumma	74.137.843,	136.042.884,	136.571.961,	128.864.203,	150.546.471,	626.163.362,

Tafla 2. Kostnaðarþróun raforku, flutning á raforku og dreifingar árin 2021-2025.

	2021	2022	2023	2024	2025	Hækkun
Veitur, flutningur og dreifing (kr/kWh)	7,8	8,22	8,59	9,51	11,01	41%
HS Veitur, flutningur og dreifing (kr/kWh)	8,26	8,59	9,8	10,23	11,71	42%
Orkusalan, sala raforku (kr/kWh)	7,37	7,37	7,37	9,47	9,47	28%

Tafla 3. Fjöldi lampa í Garðabæ og notað afl 2021 og 2025.

	2021	2025	Breyting
Fjöldi lampa	4657	5989	29%
Uppsett afl (kW)	506,47	345,9	-32%

LED-væðing á lömpum í götulýsingu í Garðabæ hefur staðið yfir að einhverju ráði frá árinu 2022, en útskipti á lömpum var hluti af útboðinu með þjónustu og viðhaldi götulýsingar svo sami verktaki sér um báða þætti.

Tafla 4. Kostnaður vegna LED-væðingar í Garðabæ 2021-2025.

Led væðing	2021	2022	2023	2024	2025	heildarsumma
Aðkeypt sérfræðipjónusta m.vsk.		3.054.254	1.337.350	5.944.685	1.427.258	11.763.547
Aðkeypt vélavinna		2.772.306				2.772.306
Aðkeyptur akstur					1.548.770	1.548.770
Efni		22.789.899	14.944.042			37.733.941
Verkkaup samningsverk		4.426.196	19.025.863	30.770.086	79.258.574	133.480.719
Önnur vörukaup	5.116.790		5.622.034	21.986.254		32.725.078
Önnur þjónustukaup		270.692	389.056	463.097		1.122.845
Heildarsumma	5.116.790	33.313.347	41.318.345	59.164.122	82.234.602	221.147.206

Skjal sótt af '00000000000' dags: 24.03 2026